

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

2. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ný hús skal meta eigi síðar en 4 vikum eftir að þau eru tekin í notkun, og er eiganda skylt að sjá um, að slíkt sé tilkynnt váttryggjanda skriflega. Heimilt er þó váttryggjanda að láta mat fara fram, ef eigandi vanrækir tilkynningu.

**2. gr.**

Á eftir 4. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):  
Nú verður brunatjón meira en helmingur brunabótamatsverðs og borgarstjórn telur nauðsynlegt vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum, að hlutaðeigandi hús verði fjarlæggt, og er henni þá heimilt að leysa húsið til sín; greiðir hún þá mismun þann, sem er á brunabótum og heildarmatsverði hússins. Ef borgarstjórn eða eigandi telja brunabótamatsverð ekki rétt, getur hvor um sig krafizt endurmats, sem þá fer fram skv. ákvæðum 4. gr., og skal þá miða greiðslu við endurmatsverðið.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 10. maí 1965.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

**L Ö G**

um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**I. KAFLI****Tilgangur og skipan deilda.****1. gr.**

Skólinn heitir Myndlista- og handíðaskóli Íslands.

**2. gr.**

Tilgangur skólans er:

1. að veita kennslu og þjálfun í myndlistum,